REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um vélstjóraskóla Reykjavíkur.

94
29. sept.

Samkvæmt 5. gr. í lögum nr. 37, 3. nóv. 1915, um stofnun vélstjóraskóla í Reykjavík, er hérmeð sett eftirfarandi reglugerð um viðauka við reglugerð fyrir vélstjóraskólann í Reykjavík.

Á eftir IV. kafla kemur eftirfarandi

V. KAFLI

Ákvæði um vélgæzludeild.

Á eftir 28. gr. koma eftirfarandi greinar:

29. gr.

Inntökuskilyrði í vélgæzludeild Vélstjóraskólans skulu vera sem hér segir:

a) Að umsækjandi hafi stundað járnsmíði í 3 ár eða verið aðstoðarmaður í eimvél eða vélstjóri með undanþágu, hvorttveggja sömuleiðis í 3 ár, og hafi meðmæli smiða þeirra eða vélstjóra, sem hann hefir unnið með.

b) Að hann hafi eigi verið dæmdur fyrir neinn þann verknað, sem svívirðilegur er að almenningsáliti.

c) Að hann sé eigi haldinn af næmum sjúkdómi eða öðrum líkamskvilla, sem orðið geti honum til tálmunar við starf hans eða skaðlegur hinum nemendunum.

Beiðni um viðtöku í deildina sendist forstöðumanni skólans, og fylgi henni vottorð um, að skilyrðum þeim sé fullnægt, sem talin eru í lið a og b hér að framan, og ennfremur skírnarvottorð og læknisvottorð.

30. gr.

Til prófs útheimtist:

1. Í íslenzku:
   Nemandinn verður að geta gert léttan stíl, ritvillulítinn, og lesið nokkurn veginn viðstöðulaust. Hann verður og að kunna helztu undirstöðuatriði málfræðinnar.
2. Í reikningi:
   Nemandinn skal kunna fjórar höfuðgreinir í reikningi með heilum tölum, einföldum brotum og tugabrotum.

94 29. sept.

3. Í vélfræði:
Nemandinn verður að þekkja ýmsar tegundir eldsneytis, sem notaðar eru í skipum og bátum fyrir eimvélar og hreyfla, vita hvernig vélunum er komið fyrir í skipinu, þekkja gerð þeirra og kunna til gæzlu þeirra. Hann skal þekkja helztu hluta skipsins og skiptingu þess í vatnsþétt hólf, austurs- og slökkvitæki og aðrar hjálparvélar skipsins. Hann verður að vita deili á ryðmyndun og þekkja aðferðirnar til að koma í veg fyrir hana. Hann skal þekkja helztu lagaákvæði um vélar í eimskipum. Ennfremur verður hann að kunna skil á helztu starfsháttum mótorvéla.

4. Í eðlisfræði:
Nemandinn verður að hafa þekkingu á helztu náttúrulögmálum.

Við kennsluna skal nota þær bækur, sem skólastjóri og kennarar ákveða í sameiningu.

31. gr.

Kennslustundir eru 30 á viku og skiptast þannig milli námsgreinanna:

1. Í íslenzku skal kenna 6 stundir á viku.
2. – reikningi — — 8 — – —
3. – eðlisfræði — — 4 — – —
4. – vélfræði — — 12 — – —

32. gr.

Kennsla byrjar 1. október, og próf skal haldið í fyrri hluta febrúarmánaðar.

33. gr.

Próf í eðlisfræði og mótorvélfræði er eingöngu munnlegt, en í öðrum greinum einnig skriflegt. Einkunnir eru hinar sömu og tíðkast við próf í Vélstjóraskólanum. Við prófið skulu gefnar alls 10 einkunnir, sem sé:

Í vélfræði	4 einkunnir	fyrir	2	skriflegar	og	2	munnlegar úrlausnir.
– íslenzku	2 —	—	1	skriflega	—	1	munnlega úrlausn.
– reikningi	2 —	—	1	—	—	1	— —
– eðlisfræði	1 einkunn,	—	1	munnlega	úrlausn.		
– mótorfræði	1 —	—	1	—	—		

Til að standast prófið þarf að minnsta kosti 3 í meðaleinkunn.

Nr. **94**

PRÓFSKÍRTEINI 29. sept.

N. N.
fæddur
hefir staðizt hið íslenzka vélgæzlumannapróf og hlotið þær einkunnir, sem hér segir:

Íslenzka	2 eink.	
Reikningur	2 —	
Eðlisfræði	1 —	
Vélfræði	4 —	
Mótorfræði	1 —	
Aðaleinkunn	10 eink.	

Reykjavík ..... 19..

N. N. N. N.

N. N.

Til að standast prófið þarf í aðaleinkunn minnst 30 stig.
Hæsta einkunn er 70 stig.

Um öll önnur atriði gilda sömu reglur og við vélstjórapróf.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Þetta birtist hér með til leiðbeiningar þeim, er eiga hlut að máli.

Í kennslumálaráðuneytinu, 29. september 1933.

Þorsteinn Briem.

Gissur Bergsteinsson.